

**Ed.**

## **612. Frumvarp til laga**

um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er biða tjón af þeim.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

### **I. KAFLI**

#### **Um framkvæmdastjórn.**

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna framkvæmdanefnd (sauðfjársjúkdómanefnd) eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Hann skipar einn nefndarmanninn formann nefndarinnar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Forfallist nefndarmaður á þeim tíma, er Alþingi er ekki að störfum, skipar landbúnaðarráðherra mann í hans stað, þar til Alþingi kemur næst saman.

Landbúnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra eftir tillögum nefndarinnar, og annast hann dagleg störf og framkvæmdir eftir því, sem nefndin felur honum og hann hefur umboð til.

3. gr.

Verkefni framkvæmdanefndar er:

1. Að hafa stjórn þeirra sóttvarnaráðstafana, er um ræðir í lögum þessum.
2. Að úthluta bótum eða styrktarfé, sem árlega er veitt í fjárlögum, til þeirra bænda, er beðið hafa tjón af þessum sjúkdómum.
3. Að vinna að því, að bændur, sem hafa þá sauðfjársjúkdóma í fé sínu, er lög þessi ná til, komi sér upp hraustari fjárstofni með úrvali eða fjárskiptum.
4. Að hafa yfirumsjón með fjárskiptum, er landbúnaðarráðherra hefur samþykkt.
5. Að vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar um þau mál, er sérstaklega standa í sambandi við þessa sauðfjársjúkdóma.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur heimild til:

að kveðja mann eða menn til aðstoðar sauðfjársjúkdómanefnd við framkvæmd laganna,

að fjölga nefndarmönnum, með því að kveðja til mann eða menn, sem sérstaklega eru kunnugir staðháttum í þeim landshlutum, sem nefndarmenn eru lítt kunnir í, þegar rædd eru mál, er snerta íbúa þeirra héraða, og þeim ráðið til lykta.

### **II. KAFLI**

#### **Sjúkdómar, er lög þessi ná til.**

5. gr.

Ákvæði laga þessara ná til eftirtalinna sjúkdóma:

1. Mæðiveiki.
2. Garnaveiki.
3. Þingeysskrar mæðiveiki.

Ef aðrir næmir, áður óþekktir sauðfjársjúkdómar koma upp hér á landi, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði laga þessara nái einnig til þeirra, eftir því sem við á.

### III. KAFLI

#### Um varnir.

##### 6. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt, í samráði við framkvæmdanefnd, að láta fara fram rannsókn á heilbrigði sauðfjár, eftir því sem hann telur þörf, til þess að afla upplýsinga um þá sjúkdóma, er lög þessi ná til.

##### 7. gr.

Fjáreigendur, sem búsettir eru í byggðarlögum, sem talin eru ósýkt, eru skyldir til að gera viðkomandi hreppstjóra tafarlaust aðvart, ef þeir verða varir við grunsamleg veikindi í fé sínu eða annarra í því byggðarlagi. Hreppstjóra er skylt að bregða þegar við, er hann hefur fengið slíka tilkynningu, og rannsaka, hvernig veikinni er háttað. Nú telur hreppstjóri, að um einhvern af áður greindum sjúkdómum geti verið að ræða, og skal hann þá tafarlaust tilkynna það framkvæmdastjóra, sem ákveður, hvað gera skuli til þess að fá úr því skorið, hvort svo sé, og hvaða ráðstafanir skuli gera að öðru leyti.

Þyki hreppstjóra grunsamlegt, að um mæðiveiki eða þingeysku mæðiveikina geti verið að ræða, skal hann láta einangra það fé, sem hinar grunuðu kindur voru með, unz úrskurður um veikina er fenginn og framkvæmdastjóri hefur gert þær ráðstafanir, er hann telur nauðsynlegar. Kostnaður við þessa einangrun greiðist úr ríkissjóði.

##### 8. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt, með samþykki landbúnaðarráðherra, að setja aðalvarðlinur til þess að hindra útbreiðslu framan talinna sauðfjársjúkdóma.

Þessar varðlinur skal treysta með girðingum og varðmönnum eftir því, sem þörf krefur og öruggast er talið á hverjum stað.

Aðalvarðlinur eru þær línur taldar, er liggja þannig, að réttmætt sé talið að hindra fjársamgöngur yfir þær, þótt þeirra verði ekki þörf til varnar gegn sjúkdómum þeim, er hér um ræðir. Skulu þær lagðar á kostnað ríkissjóðs.

##### 9. gr.

Nú vilja bændur á takmörkuðum svæðum verjast fjársamgöngum með því að setja upp varnargirðingar. Telji framkvæmdanefnd það nauðsynlegt, er henni heimilt að setja upp slíka girðingu, gegn því að hlutaðeigandi bændur leggi fram eigi minna en flutning á öllu efni frá hafnarstað og  $\frac{1}{3}$  kostnaðar við uppsetningu girðingarinnar, en ríkissjóður kosti girðinguna að öðru leyti, enda sé hún eign ríkisins. Girðingar þær, er hér um ræðir, teljast aukavarðlinur.

Nú vilja bændur setja upp varnargirðingu fyrir eitt byggðarlag eða nokkra bæi og framkvæmdanefnd telur líklegt, að hún geti orðið til þess að stöðva útbreiðslu veikinnar í þessu byggðarlagi, og getur þá nefndin veitt styrk til slíkra girðinga, þó ekki yfir  $\frac{1}{3}$  af verði gaddavírsins, enda verði girðingin eign þeirra, er kosta hana að öðru leyti.

##### 10. gr.

Nauðsynleg varzla, að dómi nefndarinnar, með varðlinum þeim, er um ræðir í 8. gr. og 9. gr. 1. málsgr., greiðist úr ríkissjóði, sömuleiðis viðhald girðinga, meðan þeirra er þörf til varnar útbreiðslu sjúkdóma, er lög þessi ná til.

Telji framkvæmdanefndin ekki þörf að viðhalda girðingu á aukavarðlinu, má hún því aðeins taka hana upp, að bændur í hlutaðeigandi byggðarlagi vilji ekki kaupa hana fyrir hæfilegt verð, að dómi nefndarinnar, eða eftir mati.

##### 11. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að setja upp einangrunargirðingar til þess að geyma í sjúkt og grunað fé í þeim héraðum, sem veikin er ekki mikið útbreidd, og

sé það gert í samráði við hlutaðeigandi sýslunefnd. Sýslufélagið leggur til land undir girðingu og kostnað við uppsetningu, en girðingarefni og flutningur á næsta hafnarstað skal lagður fram sem annar kostnaður við varnirnar. Þessar girðingar eru eign ríkisins.

12. gr.

Heimilt er að leggja girðingar þær, er um ræðir í 8. og 9. gr., um lönd einstakra manna og afrétti eftir því, sem framkvæmdastjóri telur haganlegast.

Náist ekki samkomulag við landeiganda um land undir einangrunargirðingu samkvæmt 11. gr., er sýslunefnd heimilt, í samráði við framkvæmdastjóra, að taka land undir slíka girðingu leigunámi, og fer þá um leigunámið samkvæmt ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

Bætur fyrir landspjöll, átroðning, afnotamissi lands eða önnur óþægindi vegna girðinga, sem um getur í 8., 9. og 11. gr., koma ekki til greina nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Skulu þá dómkvaddir menn meta tjónið, er greiðist af hlutaðeigandi sveitarsjóði, enda séu varnirnar framkvæmdar að meira eða minna leyti í þágu þess sveitarfélags. Annars greiðir það hreppsfélag, er næst liggur og nýtur varnanna. Úrskurði matsmanna má áfrýja til yfirmats.

13. gr.

Skylt er vegfarendum, sem fara um hlið á varnargirðingum, að loka þeim tryggilega. Vanræksla í þessu efni, svo og skemmdir á hliðum og girðingum varða sektum eða fangelsi, allt að þrem mánuðum. Skemmdir skal auk þess bæta að fullu.

14. gr.

Varðmenn þeir, sem tekizt hafa á hendur vörzlu við varðlínur þær, sem um ræðir í 8. og 9. gr., eru sýslunarmenn ríkisins, meðan þeir gegna því starfi. Varðmaður, sem yfirgefur varðstöð sína á þeim tíma, sem honum ber að vera á verði, eða vanrækir starf sitt á annan hátt, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

15. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að fyrirskipa litarmerkingar á sauðfé, þar sem henni þykir nauðsyn bera til. Enn fremur getur hún bannað hvers konar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

16. gr.

Flutningur sauðfjár yfir varðlínur, er um ræðir í 8., 9. og 11. gr., er bannaður, nema samþykki framkvæmdastjóra komi til. Kindum, sem leita mjög á að komast yfir varðlínu, má varðmaður slátra, en gera skal hann það verð úr, sem unnt er, ef eigandi getur ekki hirt það sjálfur. Heimilt er framkvæmdanefnd að banna flutning á fé bæja á milli og til dvalar, þar sem hún telur þess þörf.

17. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétti og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna. Nefndinni er enn fremur heimilt að fyrirskipa slátrun á fé, sem kemur fyrir í útréttum, ef henni virðist það hafa þýðingu vegna varnanna. Óskilafé og ómerkinga, sem koma fyrir í næstu byggðarlögum við aðalvarðlínur, má ekki selja til lífs, heldur skal hreppstjóri sjá um, að því fé sé lógað.

18. gr.

Nú kemur fé fyrir á svæði, sem er sýkt eða grunað af garnaveiki, og eigendur þess eða viðkomandi upprekstrarfélag hefur ekki gert ráðstafanir til að hirða það sérstaklega, og skal þá hreppstjóri láta slátra því, verði ekki öðrum fulltryggum ráðstöfunum við komið, en gera skal hann það verð úr, að fjáreiganda verði sem minnst tjón af.

19. gr.

Heimilt er framkvæmdanefnd og sveitarstjórn eða stjórnun upprekstrarfélaga, með samþykki framkvæmdanefndar, að fyrirskipa breytingu á fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til þess að hindra útbreiðslu þeirra sauðfjársjúkdóma, er hér um ræðir. Breytingar þessar skulu bornar undir hlutað-eigandi stjórnir upprekstrarfélaga, áður en þær eru fyrirskipaðar. Breyting þessi telst ekki brot á fjallskilareglugerð.

20. gr.

Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar í þeim héruðum, sem talin eru lítið sýkt eða ósýkt, skulu hafa strangt eftirlit með því í öllum réttum og fjallgöngum, að allar veikar eða grunsamlegar kindur, sem þar koma fyrir, séu tafarlaust teknar úr fjársafni og einangraðar eða lógað. Sama skylda hvílir á bændum í þeim héruðum við smölun heimalanda. Sömuleiðis ber öllum þessum aðilum skylda til að taka allar kindur, sem sloppið hafa yfir varðlínur, strax og þeirra verður vart, en gera skulu þeir það verð úr, sem unnt er.

21. gr.

Fáist vissa fyrir, að einhver þeirra sjúkdóma, er lög þessi ná til, hafi borizt yfir varðlínu, skal framkvæmdastjóri, í samráði við framkvæmdanefnd, gera þær ráðstafanir til varnar útbreiðslu veikinnar, sem nefndin telur tryggilegastar, og er nefndinni heimilt að láta slátra hinu sjúka eða grunaða fé.

22. gr.

Leyni fjáreigandi veiki í fé sínu, skal hann sæta sektum, en verði það til þess, að veikin berist í ósýkt fé annarra, varðar það fangelsisvist.

23. gr.

Sauðfé á sýktu eða grunuðu svæði af garnaveiki má ekki reka í þröng girðingarhólf eða fjárhús á heimilum, þar sem veikin er ekki, eða önnur hús, þar sem heima-fé er hýst.

Ekki má heldur reka fé, sem ætla má, að sé sýkt af veikinni, í slík girðingarhólf eða hús á heimilum, sem teljast grunuð eða sýkt. Bannað er að geyma sýkt eða grunað fé í girðingarhólfum með fé frá ósýktum heimilum.

24. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt, hvenær sem hún telur þess þörf, að láta fara fram rannsókn á öllu fé bænda, þar sem líkur eru til, að garnaveiki geti verið.

Við þessar rannsóknir skal ríkið leggja til lyf, tæki og einn rannsóknarmann í hverjum rannsóknarflokki. Sveitarfélagið leggur hverjum rannsóknarmanni til einn aðstoðarmann og greiðir honum kaup, og sé hann valinn í samráði við rannsóknarmanninn. Skylt er fjáreigendum að leggja til aðra aðstoð við rannsóknirnar, eftir því sem við þarf. Heimilt er framkvæmdanefnd að veita sveitarstjórn undanþágu frá því að kosta aðstoðarmann við garnaveikirannsóknir í þeim hreppum, sem mæðiveiki er einnig í fé bænda.

25. gr.

Heimilt er framkvæmdanefnd að láta slátra öllu því fé, sem talið er sjúkt eða grunað að lokinni garnaveikirannsókn.

26. gr.

Allur kostnaður við girðingar og vörzlur, sem um ræðir í 8.—11. grein, sem ekki greiðist af viðkomandi héruðum, greiðist að  $\frac{3}{5}$  hlutum úr rikissjóði, en  $\frac{2}{5}$  sé jafnað niður á alla sauðfjáreigendur á ósýktum svæðum. Landbúnaðarráðuneytið jafnar gjaldi þessu árlega niður eftir síðasta fjárframtali á þau sýslufélög eða hluta úr þeim,

er þátt taka í greiðslunni, en þó ekki hærri fjárhæð á ári hverju en sem svarar 10 aur. á kind. Sýslumenn jafna gjaldinu milli breppa eftir sömu reglu og innheimta það með sýslusjóðsgjöldum.

Nú lætur framkvæmdanefnd rannsaka sauðfé í öryggisskyni á svæði, er reynist ósýkt, og skulu hændur þar undanþegnir 10 aura gjaldi það ár, er rannsóknin fer fram, enda hafi sveitarstjórnin kostað mann við rannsóknirnar.

#### IV. KAFLI

##### Um stuðning til bænda og bætur.

###### 27. gr.

Fé því, sem veitt er árlega í fjárlögum til stuðnings fjáreigendum, sem tjón hafa beðið af völdum þeirra sjúkdóma, er lög þessi ná til, skal varið sem hér segir:

1. Til greiðslu upp í vexti af lánum bænda og upp í jarðarafgjald leiguliða. Þau ein lán koma til greina, að þau séu stofnuð vegna búrekstrar viðkomandi manns. Tilgreina skal skuldaeigendur og vaxtakjör. Vaxta- og jarðaafgjaldsstyrk skal úthluta til bænda í hlutfalli við þann tekjumissi, er þeir hafa orðið fyrir af völdum sjúkdómanna, en jafnframt sé höfð hliðsjón af afkomumöguleikum þeirra að öðru leyti.
2. Til vega í viðkomandi héruðum án framlags úr sýslu- eða sveitarsjóði.
3. Til greiðslu á styrk til framræslu vegna tún- eða engjaræktar, endurræktunar í túni, túnasléttunar og til garðræktar, er nemi þrefaldri þeirri fjárhæð, sem nú er greidd á verkeiningu samkv. jarðræktarlögunum, ef ekki er um vélavinnu að ræða, annars tvöfaldur styrkur. Til túnauka má greiða allt að jafnháum styrk og jarðræktarstyrknum nemur. Auk þess greiðist lögmæltur jarðræktarstyrkur.  
Heimilt er að verja því styrktarfé, er fellur undir þennan lið, til vinnu við aðrar umbætur á jörðinni samkv. nánari ákvæðum í reglugerð, og að fengnu samþykki framkvæmdanefndar í hverju einstöku tilfelli.
4. Til styrktar nýjum fyrirtækjum, sem gera framleiðslu bænda verðmæta eða fjölbreytta, svo sem rjómabúum og gróðurhúsum.
5. Til þess að styrkja fjáreigendur að ala upp sauðfé í skarðið fyrir það fé, er þeir hafa misst af völdum þessara sjúkdóma, og vegna ráðstafana, er leiðir af framkvæmd laga þessara.

###### 28. gr.

Framkvæmdanefnd skal láta safna skýrslum um tjón það, er hlotizt hefur, svo og um ásetning líflamba.

###### 29. gr.

Hver hreppsnefnd velur einn mann til að safna skýrslum um fjártjón bænda í hreppnum af völdum sauðfjársjúkdóma þeirra, er um ræðir í lögum þessum, og öðrum upplýsingum, er framkvæmdanefndin telur nauðsynlegar vegna úthlutunarinnar. Hver sýslunefnd tilnefnir tvo menn til þess að taka á móti skýrslum úr einstökum hreppum í þeirri sýslu og færa þær til samræmis.

Skýrslur þessar skulu komnar til framkvæmdanefndar í síðasta lagi fyrir 15. marz það ár, er úthlutunin fer fram.

###### 30. gr.

Nú hefur framkvæmdanefnd fengið skýrslu um tjón fjáreigenda af völdum sauðfjársjúkdómanna, og skal hún þá árlega skipta því fé, er fjárlög heimila til stuðnings bændum og um ræðir í 27. gr.

Framkvæmdanefnd tilkynnir aðilum, þegar hún hefur lokið úthlutun hvert sinn, hve mikils styrks þeir megi vænta það ár. Sýslunefnd ákveður síðan, að fengnum tillögum viðkomandi hreppsnefnda, í hvaða vegum skuli unnið.

31. gr.

Framkvæmdanefnd sér um greiðslur á vaxtatillagi og jarðarafgjöldum. Þeir, sem eiga ógreidda vexti, afborganir eða jarðarafgjöld, fá því aðeins tillag upp í vexti, að þeir greiði jafnframt það, sem vangoldið er, eða hafi náð samningum um það.

Nefndin ávísar vegafénu til vegamálastjóra og jarðræktarstyrknum til Búnaðarfélags Íslands, og skulu þessir aðilar hafa eftirlit með þessum framkvæmdum og annast útborgun samkv. því, sem unnið hefur verið og heimild er til.

32. gr.

Hreppssjóður greiðir allan kostnað við söfnun skýrslna og úthlutun styrktarfjárins innan hrepps. Sýslusjóður greiðir á sama hátt kostnað við störf sýslufulltrúa og skiptinguna milli hreppa.

33. gr.

Bændur þeir, sem lög þessi ná til, fá án þess að greiða dráttarvexti frest á greiðslu árgjalda í lánsstofnunum, þar til séð er, hvort og hve mikinn styrk þeir fái á því ári samkv. lögum þessum, og er óheimilt að segja upp lánnum vegna þess dráttar. Dráttur á greiðslu jarðarafgjalda til sama tíma varðar ekki missi ábúðar.

34. gr.

Framkvæmdanefnd ákveður bætur fyrir fé, er hún lætur slátra vegna vörzlu og enn fremur til þess að hindra sýkingu af völdum fjárflutninga, svo og fyrir það fé, sem nefndin lætur slátra vegna þess, að það reynist sjúkt eða grunað við rannsóknir. Bæturnar skulu miðaðar við niðurlagsverð á haustdegi, en tekið tillit til fóðurkostnaðar, sem fallið hefur á féð frá síðustu haustnóttum, ef því er slátrað að vetrar- eða vorlagi. Bætur þessar greiðast úr ríkissjóði.

## V. KAFLI

### Almenn ákvæði.

35. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að láta árlega safna skýrslum eftir því, sem hún telur þörf á, um hvers konar vanhöld á sauðfé, sem alið er upp.

Nefndin getur ákveðið, hvort eða að hve miklu leyti kostnaðurinn við þessa skýrslusöfnun greiðist af ríkissjóði.

36. gr.

Nú virðist reynslan benda til, að vissir fjárstofnar séu lítt næmir eða minna næmir gagnvart einhverjum framangreindra sjúkdóma, og getur þá framkvæmdanefnd ákveðið í samráði við landbúnaðarráðherra, að lömbum af þeim fjárstofnum sé ekki slátrað. Fjáreigendum, sem hafa óhraustari fjárstofn, skal þá gefa kost á að fá þessi lömb til ásetnings.

Verðlag á þessum lömbum skal ákveðið af kjötverðlagsnefnd fyrir 1. sept. ár hvert, miðað við þunga þeirra á fæti, fyrst áætlað verð og síðar endanlegt verð, eftir að sölu sláturafurða þess árs er lokið. Skal ávallt verðleggja lömbin þannig, að seljendur fái að lokum fullt niðurlagsverð fyrir þau.

Heimilt er nefndinni, telji hún þess þörf og samkomulag næst ekki um kaup á lömbunum á framangreindum grundvelli, að taka það af þeim eignarnámi, ef með þarf, sem eigandi þeirra þarf ekki sjálfur til ásetnings.

37. gr.

Nú hefur framkvæmdanefnd ákveðið að nota heimild þá, er um getur í 36. gr. Skal hún, eftir að hafa aflað sér upplýsinga um, hve mörgum lömbum fjáreigendur, sem hún óskar eftir að fá lömb frá, muni geta fargað til lífs, tilkynna þeim með hæfi-

legum fyrirvara fyrir hverja sláturtíð, hve mörg lömb nefndin óski eftir að fá og hvenær þau verði tekin. Á sama hátt skal nefndin tilkynna þeim fjáreigendum, sem lömb vilja fá, hversu mörg lömb þeir geti fengið og hvenær.

38. gr.

Ráðherra er heimilt, eftir tillögum framkvæmdanefndar, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álitur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu veikinnar og útrýma henni.

39. gr.

Ráðherra setur reglugerð, er ákveður nánar um framkvæmd laga þessara. Framkvæmdanefnd hefur einnig heimild til að setja nánari fyrirmæli en ákvæði reglugerðar segja til um einstök framkvæmdaatriði, er kalla að í hvert sinn, ef hún telur þess þörf og landbúnaðarráðherra samþykkir.

40. gr.

Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerð og fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 10000 kr., eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem alnenn lögreglumál.

41. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45 27. maí 1938, lög nr. 14 15. maí 1939, lög nr. 39 12. júní 1939 og lög nr. 89 14. maí 1940.

42. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.